

**I EES-STOFNANIR****1. EES-ráðið****2. Sameiginlega EES-nefndin****2000/EES/46/01**

Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 28/1999 frá 26. mars 1999 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn ..... 1

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/54/EB frá 23. september 1997 um breytingu á tilskipunum ráðsins 74/150/EBE, 74/151/EBE, 74/152/EBE, 74/346/EBE, 74/347/EBE, 75/321/EBE, 75/322/EBE, 76/432/EBE, 76/763/EBE, 77/311/EBE, 77/537/EBE, 78/764/EBE, 78/933/EBE, 79/532/EBE, 79/533/EBE, 80/720/EBE, 86/297/EBE, 86/415/EBE og 89/173/EBE með hliðsjón af hámarksgraða landbúnaðardráttarvéla á hjólum sem ákveðinn er með hönnun ..... 3

**2000/EES/46/02**

Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 29/1999 frá 26. mars 1999 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) og IV. viðauka (Orka) við EES-samninginn ..... 5

Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 97/17/EB frá 16. apríl 1997 um framkvæmd tilskipunar ráðsins 92/75/EBE með hliðsjón af orkumerkingum uppþvottavéla til heimilisnota ..... 16

Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 1999/9/EB frá 26. febrúar 1999 um breytingu á tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 97/17/EB um framkvæmd tilskipunar ráðsins 92/75/EBE með hliðsjón af orkumerkingum uppþvottavéla til heimilisnota ..... 41

**2000/EES/46/03**

Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 30/1999 frá 26. mars 1999 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn ..... 42

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 121/98 frá 16. janúar 1998 um breytingu á I., II. og III. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 þar sem mælt er fyrir um sameiginlega aðferð í bandalaginu til að ákvarða hámarks magn leifa dýralyfja í matvælum úr dýraríkinu ..... 43

**2000/EES/46/04**

Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 31/1999 frá 26. mars 1999 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn ..... 48

Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 98/3/EB frá 15. janúar 1998 um aðlögun að tækniframförum á tilskipun ráðsins 76/116/EBE um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um tilbúinn áburð ..... 49

<b>2000/EES/46/05</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 32/1999 frá 26. mars 1999 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn .....	51
	Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/13/EB frá 12. febrúar 1998 um endabúnað til fjarskipta og búnað gervihnattajarðstöðva og gagnkvæma viðurkenningu á samræmi þeirra .....	52
<b>2000/EES/46/06</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 33/1999 frá 26. mars 1999 um breytingu á VI. viðauka (Félagslegt öryggi) við EES-samninginn .....	78
	Reglugerð ráðsins (EB) nr. 1223/98 frá 4. júní 1998 um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 1408/71 um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum, sjálfstætt starfandi einstaklingum og aðstandendum þeirra sem flytjast á milli aðildarríkja og reglugerð (EBE) nr. 574/72 sem kveður á um framkvæmd reglugerðar (EBE) nr. 1408/71 .....	79
<b>2000/EES/46/07</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 34/1999 frá 26. mars 1999 um breytingu á VI. viðauka (Félagslegt öryggi) við EES-samninginn .....	95
	Ákvörðun nr. 166 frá 2. október 1997 um breytingar á eyðublaði E 106 og E 109 .....	97
	Ákvörðun nr. 168 frá 11. júní 1998 um breytingar á eyðublaði E 121 og E 127 og niðurfellingu eyðublaðs E 122 .....	107
	Ákvörðun nr. 169 frá 11. júní 1998 um starfsreglur og skipan tækninefndar um gagnavinnslu er heyrir undir framkvæmdaráð um félagslegt öryggi farandlaunþega .....	116
<b>2000/EES/46/08</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 35/1999 frá 26. mars 1999 um breytingu á XI. viðauka (Fjarskiptaþjónusta) við EES-samninginn .....	120
	Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/10/EB frá 26. febrúar 1998 um frjálsan aðgang að netum (ONP) fyrir talsímaþjónustu og altæka fjarskiptaþjónustu í samkeppnisumhverfi .....	122
<b>2000/EES/46/09</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 36/1999 frá 28. apríl 1999 um breytingu á XI. viðauka (Fjarskiptaþjónusta) við EES-samninginn .....	144
	Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/61/EB frá 24. september 1998 um breytingu á tilskipun 97/33/EB að því er varðar númeraflutning milli fjarskiptafyrirtækja og forval á flutningsaðila .....	145
<b>2000/EES/46/10</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 37/1999 frá 30. mars 1999 um breytingu á XI. viðauka (Fjarskiptaþjónusta) við EES-samninginn .....	147
	Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/13/EB frá 10. apríl 1997 um sameiginlegan ramma um almennar heimildir og rekstrarleyfi á sviði fjarskiptaþjónustu .....	149

# EES-STOFNANIR

## SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

### ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR 2000/EES/46/01

nr. 28/1999  
frá 26. mars 1999

#### um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 1/1999 frá 29. janúar 1999<sup>(1)</sup>.

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/54/EB frá 23. september 1997 um breytingu á tilskipunum ráðsins 74/150/EBE, 74/151/EBE, 74/152/EBE, 74/346/EBE, 74/347/EBE, 75/321/EBE, 75/322/EBE, 76/432/EBE, 76/763/EBE, 77/311/EBE, 77/537/EBE, 78/764/EBE, 78/933/EBE, 79/532/EBE, 79/533/EBE, 80/720/EBE, 86/297/EBE, 86/415/EBE og 89/173/EBE með hliðsjón af hámarkshraða landbúnaðar-dráttarvéla á hjólum sem ákveðinn er með hönnun<sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

#### 1. gr.

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í 1. lið (tilskipun ráðsins 74/150/EBE) í II. kafla II. viðauka við samninginn:

„- **397 L 0054:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/54/EB frá 23. september 1997 (Stjtið. EB L 277, 10.10.1997, bls. 24).“

2. Eftirfarandi undirliður bætist við í 2. lið (tilskipun ráðsins 74/151/EBE) í II. kafla II. viðauka við samninginn:

„- **397 L 0054:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/54/EB frá 23. september 1997 (Stjtið. EB L 277, 10.10.1997, bls. 24).“

3. Eftirfarandi undirliður bætist við í 3. lið (tilskipun ráðsins 74/152/EBE) í II. kafla II. viðauka við samninginn:

„- **397 L 0054:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/54/EB frá 23. september 1997 (Stjtið. EB L 277, 10.10.1997, bls. 24).“

4. Eftirfarandi undirliður bætist við í 4. lið (tilskipun ráðsins 74/346/EBE) í II. kafla II. viðauka við samninginn:

„- **397 L 0054:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/54/EB frá 23. september 1997 (Stjtið. EB L 277, 10.10.1997, bls. 24).“

5. Eftirfarandi undirliður bætist við í 5. lið (tilskipun ráðsins 74/347/EBE) í II. kafla II. viðauka við samninginn:

„- **397 L 0054:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/54/EB frá 23. september 1997 (Stjtið. EB L 277, 10.10.1997, bls. 24).“

6. Eftirfarandi undirliður bætist við í 6. lið (tilskipun ráðsins 75/321/EBE) í II. kafla II. viðauka við samninginn:

„- **397 L 0054:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/54/EB frá 23. september 1997 (Stjtið. EB L 277, 10.10.1997, bls. 24).“

7. Eftirfarandi undirliður bætist við í 7. lið (tilskipun ráðsins 75/322/EBE) í II. kafla II. viðauka við samninginn:

„- **397 L 0054:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/54/EB frá 23. september 1997 (Stjtið. EB L 277, 10.10.1997, bls. 24).“

8. Eftirfarandi undirliður bætist við í 8. lið (tilskipun ráðsins 76/432/EBE) í II. kafla II. viðauka við samninginn:

„- **397 L 0054:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/54/EB frá 23. september 1997 (Stjtið. EB L 277, 10.10.1997, bls. 24).“

(1) Stjtið. EB L 35, 10.2.2000, bls. 28 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 7, 10.2.2000, bls. 1.

(2) Stjtið. EB L 277, 10.10.1997, bls. 24.

9. Eftirfarandi undirliður bætist við í 9. lið (tilskipun ráðsins 76/763/EBE) í II. kafla II. viðauka við samninginn:
- „- **397 L 0054:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/54/EB frá 23. september 1997 (Stjtið. EB L 277, 10.10.1997, bls. 24).“
10. Eftirfarandi undirliður bætist við í 10. lið (tilskipun ráðsins 77/311/EBE) í II. kafla II. viðauka við samninginn:
- „- **397 L 0054:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/54/EB frá 23. september 1997 (Stjtið. EB L 277, 10.10.1997, bls. 24).“
11. Eftirfarandi undirliður bætist við í 12. lið (tilskipun ráðsins 77/537/EBE) í II. kafla II. viðauka við samninginn:
- „- **397 L 0054:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/54/EB frá 23. september 1997 (Stjtið. EB L 277, 10.10.1997, bls. 24).“
12. Eftirfarandi undirliður bætist við í 13. lið (tilskipun ráðsins 78/764/EBE) í II. kafla II. viðauka við samninginn:
- „- **397 L 0054:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/54/EB frá 23. september 1997 (Stjtið. EB L 277, 10.10.1997, bls. 24).“
13. Eftirfarandi undirliður bætist við í 14. lið (tilskipun ráðsins 78/933/EBE) í II. kafla II. viðauka við samninginn:
- „- **397 L 0054:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/54/EB frá 23. september 1997 (Stjtið. EB L 277, 10.10.1997, bls. 24).“
14. Eftirfarandi undirliður bætist við í 15. lið (tilskipun ráðsins 79/532/EBE) í II. kafla II. viðauka við samninginn:
- „- **397 L 0054:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/54/EB frá 23. september 1997 (Stjtið. EB L 277, 10.10.1997, bls. 24).“
15. Eftirfarandi undirliður bætist við í 16. lið (tilskipun ráðsins 79/533/EBE) í II. kafla II. viðauka við samninginn:
- „- **397 L 0054:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/54/EB frá 23. september 1997 (Stjtið. EB L 277, 10.10.1997, bls. 24).“
16. Eftirfarandi undirliður bætist við í 18. lið (tilskipun ráðsins 80/720/EBE) í II. kafla II. viðauka við samninginn:
- „- **397 L 0054:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/54/EB frá 23. september 1997 (Stjtið. EB L 277, 10.10.1997, bls. 24).“
17. Eftirfarandi undirliður bætist við í 19. lið (tilskipun ráðsins 86/297/EBE) í II. kafla II. viðauka við samninginn:
- „eins og henni var breytt með:
- **397 L 0054:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/54/EB frá 23. september 1997 (Stjtið. EB L 277, 10.10.1997, bls. 24).“
18. Eftirfarandi undirliður bætist við í 21. lið (tilskipun ráðsins 86/415/EBE) í II. kafla II. viðauka við samninginn:
- „eins og henni var breytt með:
- **397 L 0054:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/54/EB frá 23. september 1997 (Stjtið. EB L 277, 10.10.1997, bls. 24).“
19. Eftirfarandi undirliður bætist við í 23. lið (tilskipun ráðsins 89/173/EBE) í II. kafla II. viðauka við samninginn:
- „eins og henni var breytt með:
- **397 L 0054:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/54/EB frá 23. september 1997 (Stjtið. EB L 277, 10.10.1997, bls. 24).“

**2. gr.**

Fullgiltur texti tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 97/54/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

**3. gr.**

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 27. mars 1999, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

**4. gr.**

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 26. mars 1999.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

*F. Barbato*

formaður.

## TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 97/54/EB

frá 23. september 1997

### um breytingu á tilskipunum ráðsins 74/150/EBE, 74/151/EBE, 74/152/EBE, 74/346/EBE, 74/347/EBE, 75/321/EBE, 75/322/EBE, 76/432/EBE, 76/763/EBE, 77/311/EBE, 77/537/EBE, 78/764/EBE, 78/933/EBE, 79/532/EBE, 79/533/EBE, 80/720/EBE, 86/297/EBE, 86/415/EBE og 89/173/EBE með hliðsjón af hámarkshraða landbúnaðardráttarvéla á hjólum sem ákveðinn er með hönnun(\*)

EVROPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAGA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 100. gr. a,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar (1),

með hliðsjón af álit efnahags- og félagsmálanefndarinnar (2),

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 189. gr. b í sáttmálanum (3),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Gildissvið tilskipunar ráðsins 74/150/EBE frá 4. mars 1974 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi gerðarviðurkenningu á landbúnaðardráttarvéllum á hjólum (4) er eins og sakir standa takmarkað við dráttarvélar sem eru hannaðar fyrir hámarkshraða á bilinu 6 til 30 km/klst.

Mjög margar dráttarvélar eru nú hannaðar fyrir meiri hámarkshraða en 30 km/klst. Því er nauðsynlegt að breyta tilskipun 74/150/EBE og sértilskipunum, sem eru hluti af evrópska heildargerðarviðurkenningakerfinu sem þessi ökutæki heyrir undir, til að forðast að málsmeðferðin gildi um æ færri ökutæki.

Í sértilskipunum 74/151/EBE (5), 74/152/EBE (6), 74/346/EBE (7), 74/347/EBE (8), 75/321/EBE (9), 75/322/EBE (10), 76/432/EBE (11),

76/763/EBE (12), 77/311/EBE (13), 77/537/EBE (14), 78/764/EBE (15), 78/933/EBE (16), 79/532/EBE (17), 79/533/EBE (18), 80/720/EBE (19), 86/297/EBE (20), 86/415/EBE (21) og 89/173/EBE (22) er að finna sérstaka skilgreiningu á gildissviði þeirra að því er varðar hámarkshraða sem ákveðinn er með hönnun. Þessum tilskipunum þarf einnig að breyta samkvæmt málsmeðferðinni sem mælt er fyrir um í 12. gr. tilskipunar 74/150/EBE til að forðast að þær gildi um æ færri ökutæki.

Viðeigandi er að hækka hraða sem ákveðinn er með hönnun úr 30 í 40 km/klst.

Hækkun hámarkshraða, sem ákveðinn er með hönnun og notaður er við skilgreiningu á gildissviði tilskipunar 74/150/EBE og tiltekinna einstakra tilskipana, krefst einnig breytingar á tilskipun ráðsins 76/432/EBE frá 6. apríl 1976 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi hemlabúnað landbúnaðardráttarvéla á hjólum (23). Breytingin, sem er sett fram í sérstökum gerningi, skal öðlast gildi eigi síðar en þessi tilskipun.

Nauðsynlegt er að bæta og samræma öll öryggisatriði, svo sem ísetningu öryggisbelta.

Síðar er rétt að setja bandalagslög um mengun frá dráttarvéllum.

SAMBÝKKT TILSKIPUN ÞESSA:

I. gr.

Í stað orðanna „30 km/klst.“ komi „40 km/klst.“:

(\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB L 277, 10.10.1997, bls. 24, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 28/1999 frá 26. mars 1999 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna.

(1) Stjtið. EB C 186, 26. 6. 1996, bls. 11.

(2) Stjtið. EB C 56, 24. 2. 1997, bls. 74.

(3) Álit Evrópuþingsins frá 10. desember 1996 (Stjtið. EB C 20, 20. 1. 1997, bls. 25), sameiginleg afstaða ráðsins frá 13. mars 1997 (Stjtið. EB C 157, 24. 5. 1997, bls. 1) og ákvörðun Evrópuþingsins frá 16. júlí 1997 (Stjtið. EB C 286, 22. 9. 1997). Ákvörðun ráðsins frá 29. júlí 1997.

(4) Stjtið. EB L 84, 28. 3. 1974, bls. 10. Tilskipuninni var síðast breytt með aðildarlögunum frá 1994.

(5) Stjtið. EB L 84, 28. 3. 1974, bls. 25.

(6) Stjtið. EB L 84, 28. 3. 1974, bls. 33.

(7) Stjtið. EB L 191, 15. 7. 1974, bls. 1.

(8) Stjtið. EB L 191, 15. 7. 1974, bls. 5.

(9) Stjtið. EB L 147, 9. 6. 1975, bls. 24.

(10) Stjtið. EB L 147, 9. 6. 1975, bls. 28.

(11) Stjtið. EB L 122, 8. 5. 1976, bls. 1.

(12) Stjtið. EB L 262, 27. 9. 1976, bls. 135.

(13) Stjtið. EB L 105, 28. 4. 1977, bls. 1.

(14) Stjtið. EB L 220, 29. 8. 1977, bls. 38.

(15) Stjtið. EB L 255, 18. 9. 1978, bls. 1.

(16) Stjtið. EB L 325, 20. 11. 1978, bls. 16.

(17) Stjtið. EB L 145, 13. 6. 1979, bls. 16.

(18) Stjtið. EB L 145, 13. 6. 1979, bls. 20.

(19) Stjtið. EB L 194, 28. 7. 1980, bls. 1.

(20) Stjtið. EB L 186, 8. 7. 1986, bls. 19.

(21) Stjtið. EB L 240, 26. 8. 1986, bls. 1.

(22) Stjtið. EB L 67, 10. 3. 1989, bls. 1.

(23) Stjtið. EB L 122, 8. 5. 1976, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 96/63/EB (Stjtið. EB L 253, 10. 5. 1996, bls. 13).

- í 2. mgr. 1. gr. tilskipananna 74/150/EBE, 74/151/EBE, 74/152/EBE, 74/346/EBE, 74/347/EBE, 75/321/EBE, 75/322/EBE, 76/432/EBE, 76/763/EBE, 77/311/EBE, 77/537/EBE, 78/933/EBE, 79/532/EBE, 79/533/EBE, 80/720/EBE, 86/297/EBE, 86/415/EBE og 89/173/EBE,
- í 2. mgr. 9. gr. tilskipunar 78/764/EBE, og
- í lið 1.5 í viðauka við tilskipun 74/152/EBE.

*2. gr.*

Aðildarríkin skulu samþykkja og birta nauðsynlegar ráðstafanir til að fara að tilskipun þessari fyrir 23. september 1998. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað. Þau skulu láta ráðstafanirnar taka gildi frá og með 23. september 1998.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær verða birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

*3. gr.*

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

*4. gr.*

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 23. september 1997.

*Fyrir hönd Evrópuþingsins*

J. M. GIL-ROBLES

*forseti.*

*Fyrir hönd ráðsins,*

F. BODEN

*forseti.*

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR 2000/EES/46/02**

**nr. 29/1999**  
**frá 26. mars 1999**

**um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) og**  
**IV. viðauka (Orka) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

**1. gr.**

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 17/1999 frá 26. febrúar 1999<sup>(1)</sup>.

IV. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 17/1999 frá 26. febrúar 1999<sup>(2)</sup>.

Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 97/17/EB frá 16. apríl 1997 um framkvæmd tilskipunar ráðsins 92/75/EBE með hliðsjón af orkumerkingum uppþvottavéla til heimilisnota<sup>(3)</sup> skal felld inn í samninginn.

Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 1999/9/EB frá 26. febrúar 1999 um breytingu á tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 97/17/EB um framkvæmd tilskipunar ráðsins 92/75/EBE með hliðsjón af orkumerkingum uppþvottavéla til heimilisnota<sup>(4)</sup> skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

Eftirfarandi liður komi aftan við lið 4e (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 98/11/EB) í IV. kafla II. viðauka við samninginn:

„4f. **397 L 0017**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 97/17/EB frá 16. apríl 1997 um framkvæmd tilskipunar ráðsins 92/75/EBE með hliðsjón af orkumerkingum uppþvottavéla til heimilisnota (Stjtið. EB L 118, 7.5.1997, bls. 1), eins og henni var breytt með:

- **399 L 0009**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 1999/9/EB frá 26. febrúar 1999 (Stjtið. EB L 56, 4.3.1999, bls. 46).

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

- a) Við I. viðauka við tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 97/17/EB bætist textinn sem kveðið er á um í 5. þætti 1. viðbætis við II. viðauka við samninginn.
- b) Við V. viðauka við tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 97/17/EB bætist textinn sem kveðið er á um í 5. þætti 2. viðbætis við II. viðauka við samninginn.“

**2. gr.**

1. Eftirfarandi bætist við sem 5. þáttur í 1. viðbæti við II. viðauka við samninginn:

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 148, 22.6.2000, bls. 42 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 28, 22.6.2000, bls. 209.




<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 148, 22.6.2000, bls. 42 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 28, 22.6.2000, bls. 209.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB L 118, 7.5.1997, bls. 1.

<sup>(4)</sup> Stjtið. EB L 56, 4.3.1999, bls. 46.

„5. þáttur

Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 97/17/EB  
(uppbvottavélar til heimilisnota)

<h1>Orka</h1> <p>Framleiðandi Gerð</p>	<p><b>Uppbvottavél</b></p> <p>Logo ABC 123</p>
<p><b>Góð nýtni</b></p>  <p><b>Slæm nýtni</b></p>	
<p>Orkunotkun kWh/lotu <i>(byggt á prófunarniðurstöðum staðalþvottalotu þar sem notað er kalt vatn)</i></p> <p>Raunnotkun fer eftir því hvernig tækið er notað</p>	<p><b>X.YZ</b></p>
<p><b>Þvottahæfni</b> A: meiri G: minni</p>	<p>A B <b>C</b> D E F G</p>
<p><b>Þurrkunarhæfni</b> A: meiri G: minni</p>	<p>A B C <b>D</b> E F G</p>
<p><b>Staðalborðbúnaður</b> Vatnsnotkun l/lotu</p>	<p>YZ YX</p>
<p><b>Hávaði</b> (dB(A) re 1 pW)</p>	<p>XY</p>
<p>Nánari upplýsingar er að finna í bæklingum sem fylgja vörunum</p> <p>Staðall EN 60242 Tilskipun 97/17/EB um merkingar uppbvottavéla</p>	



<h1>Energi</h1> <p>Merke Modell</p>	<p>Oppvaskmaskin</p> <p>Logo ABC 123</p>
<p><b>Lavt forbruk</b></p> <p><b>Høyt forbruk</b></p>	
<p>Energiforbruk kWh/oppvask (på grunnlag av testresultater for normalprogram ved kaldtvannstilslutning )</p> <p>Den faktiske energibruken avhenger av hvordan maskinen brukes.</p>	<p><b>X.YZ</b></p>
<p><b>Rengjøringssevne</b> A: høy G: lav</p>	<p>A B <b>C</b> D E F G</p>
<p><b>Tørkeevne</b> A: høy G: lav</p>	<p>A B C <b>D</b> E F G</p>
<p>Standardkverter Vannforbruk l/oppvask</p>	<p>YZ YX</p>
<p><b>Lydnivå</b> DB(A) , (Støy)</p>	<p>XY</p>
<p>Produktbrosjyrene inneholder ytterligere opplysninger</p> <p>Europelsk standard EN 50242 Direktiv 97/17/EF om energimerking av oppvaskmaskiner</p>	

2. Eftirfarandi bætist við sem 5. þáttur í 2. viðbæti við II. viðauka við samninginn:

„5. þáttur

Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 97/17/EB  
(uppþvottavélar til heimilisnota)

Athugasemd			EN	NO	IS
Merki- miði	Upplýsinga- blað	Póstþöntun			
I. viðauki	II. viðauki	III. viðauki			
<input checked="" type="checkbox"/>			Energy	Energi	Orka
<input checked="" type="checkbox"/>			Dishwasher	Oppvaskmaskin	Uppþvottavél
I	1		Manufacturer	Merke	Framleiðandi
II	2		Model	Modell	Gerð
<input checked="" type="checkbox"/>			More efficient	Lavt forbruk	Góð nýtni
<input checked="" type="checkbox"/>			Less efficient	Høyt forbruk	Slæm nýtni
	3	1	Energy efficiency class ..... on a scale of A (more efficient) to G (less efficient)	Relativ energibruk ..... på skalaen A (lavt forbruk til G (høyt forbruk))	Orkunýtniflokkur ..... á kvarðanum A (góð nýtni) til G (slæm nýtni)
V			Energy consumption	Energiforbruk	Orkunotkun
V			kWh/Cycle	kWh/oppvask	kWh/lotu
	6	3	Energy consumption XYZ kWh per standard test cycle, using cold water fill. Actual energy consumption will depend on how the appliance is used	Energiforbruk XYZ kWh per oppvask på grunnlag av standard test-program der maskinen er tilkoblet kaldtvann. Den faktiske energibruken vil avhenge av hvordan maskinen brukes.	Orkunotkun XYZ kWh á staðalprófunarlotu þar sem notað er kalt vatn. Raunorkunotkun fer eftir því hvernig tækið er notað
<input checked="" type="checkbox"/>			(Based on test results for manufacturer's standard cycle, using cold fill)	(På grunnlag av testresultater for normalprogram ved kaldtvannstilslutning)	(Byggt á prófunarniðurstöðum staðalþvottalotu þar sem notað er kalt vatn)
<input checked="" type="checkbox"/>			Actual consumption will depend on how the appliance is used	Den faktiske energibruken avhenger av hvordan maskinen brukes	Raunnotkun fer eftir því hvernig tækið er notað

Athugasemd			EN	NO	IS
Merki- miði	Upplýsinga- blað	Póstþöntun			
I. viðauki	II. viðauki	III. viðauki			
VI			Cleaning performance A: higher G: lower	Rengjöringsevne A: høy G: lav	Þvottahæfni A: meiri G: minni
	7	4	Cleaning performance class ..... on a scale of A (higher) to G (lower)	Rengjöringsevne ..... på skalaen fra A (høy) til G (lav)	Þvottahæfni..... á kvarðanum A (meiri) til G (minni)
VII			Drying performance A: higher G: lower	Tørkeevne A: høy G: lav	Þurrkunarhæfni A: meiri G: minni
	8	5	Drying performance ..... on a scale of A (higher) to G (lower)	Tørkeevne..... på skalaen fra A (høy) til G (lav)	Þurrkunarhæfni .....á kvarðanum A (meiri) G (minni)
VIII	9	6	Standard place settings	Standardkuverter	Staðalborð- búnaður
IX	10	7	Water consumption l/cycle	Vannforbruk l/oppvask	Vatnsnotkun l/lotu
	11		Programme time	Varighet av normalprogram	Keyrslutími staðalþvottalotu
	13	8	Estimated annual consumption (220 cycles)	Anslátt árlig forbruk (220 oppvasker)	Áætluð ársnotkun (220 lotur)
X	14	9	Noise [dB(A) re 1 pW]	Lydnivá dB(A) (Støy)	Hávaði [dB(A) re 1 pW]
<input checked="" type="checkbox"/>			Further information is contained in product brochures	Produktbrosjyrene inneholder ytter- ligere opplysninger	Nánari upplýsingar er að finna í bæk- lingum sem fylgja vörunum
<input checked="" type="checkbox"/>			Norm EN 50242	Europeisk standard EN 50242	Staðall EN 50242
<input checked="" type="checkbox"/>			Dishwasher Label Directive 97/17/EC	Direktiv 97/17/EF om energimerking av oppvask- maskiner	Tilskipun 97/17/EB um orkumerkingar uppþvottavéla

**3. gr.**

Eftirfarandi liður komi aftan við lið 11e (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 98/11/EB) í IV. viðauka við samninginn:

„11f. **397 L 0017**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 97/17/EB frá 16. apríl 1997 um framkvæmd tilskipunar ráðsins 92/75/EBE með hliðsjón af orkumerkingum uppþvottavéla til heimilisnota (Stjtið. EB L 118, 7.5.1997, bls. 1), eins og henni var breytt með:

- **399 L 0009**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 1999/9/EB frá 26. febrúar 1999 (Stjtið. EB L 56, 4.3.1999, bls. 46).

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:




- a) Við I. viðauka við tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 97/17/EB bætist textinn sem kveðið er á um í 5. þætti 5. viðbætis við IV. viðauka við samninginn.
- b) Við V. viðauka við tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 97/17/EB bætist textinn sem kveðið er á um í 5. þætti 6. viðbætis við IV. viðauka við samninginn.“

**4. gr.**

1. Eftirfarandi bætist við sem 5. þáttur í 5. viðbæti við IV. viðauka við samninginn:

„5. þáttur

Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 97/17/EB  
(uppvottavélar til heimilisnota)

<h1>Orka</h1> <p>Framleiðandi Gerð</p>	<p><b>Uppvottavél</b></p> <p>Logo ABC 123</p>
<p><b>Góð nýtni</b></p>  <p><b>Slæm nýtni</b></p>	
<p>Orkunotkun kWh/lotu <i>(byggt á prófunarniðurstöðum staðalpvottalotu þar sem notað er kalt vatn)</i></p> <p>Raunnotkun fer eftir því hvernig tækið er notað</p>	<p><b>X.YZ</b></p>
<p>Pvottahæfni A: meiri G: minni</p>	<p>A B <b>C</b> D E F G</p>
<p>Þurrkunarhæfni A: meiri G: minni</p>	<p>A B C <b>D</b> E F G</p>
<p>Staðalborðbúnaður Vatnsnotkun l/lotu</p>	<p>YZ YX</p>
<p>Hávaði (dB(A) re 1 pW)</p>	<p>XY</p>
<p>Nánari upplýsingar er að finna í bæklingum sem fylgja vörunum</p> <p>Staðall EN 60242 Tilskipun 97/17/EB um merkingar uppvottavéla</p>	

<h1>Energi</h1>		<h2>Oppvaskmaskin</h2>	
Merke Modell		Logo ABC 123	
<h3>Lavt forbruk</h3>			
<h3>Høyt forbruk</h3>			
Energiforbruk      kWh/oppvask <i>(på grunnlag av testresultater for normalprogram ved kaldtvannstilslutning )</i>  Den faktiske energibruken avhenger av hvordan maskinen brukes.		<b>X.YZ</b>	
Rengjøringssevne A: høy      G: lav		A B <b>C</b> D E F G	
Tørkeevne A: høy      G: lav		A B C <b>D</b> E F G	
Standardkuverter Vannforbruk      l/oppvask		YZ YX	
Lydnivå DB(A) , (Støy)		XY	
Produktbrosjyrene inneholder ytterligere opplysninger			
Europolsk standard EN 50242 Direktiv 97/17/EF om energimerking av oppvaskmaskiner			

2. Eftirfarandi bætist við sem 5. þáttur í 6. viðbæti við IV. viðauka við samninginn:

„5. þáttur

Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 97/17/EB  
(uppþvottavélar til heimilisnota)

Athugasemd			EN	NO	IS
Merki- miði	Upplýsinga- blað	Póstþöntun			
I. viðauki	II. viðauki	III. viðauki			
<input checked="" type="checkbox"/>			Energy	Energi	Orka
<input checked="" type="checkbox"/>			Dishwasher	Oppvaskmaskin	Uppþvottavél
I	1		Manufacturer	Merke	Framleiðandi
II	2		Model	Modell	Gerð
<input checked="" type="checkbox"/>			More efficient	Lavt forbruk	Góð nýtni
<input checked="" type="checkbox"/>			Less efficient	Høyt forbruk	Slæm nýtni
	3	1	Energy efficiency class ..... on a scale of A (more efficient) to G (less efficient)	Relativ energibruk ..... på skalaen A (lavt forbruk til G (høyt forbruk)	Orkunýtniflokkur ..... á kvarðanum A (góð nýtni) til G (slæm nýtni)
V			Energy consumption	Energiforbruk	Orkunotkun
V			kWh/Cycle	kWh/oppvask	kWh/lotu
	6	3	Energy consumption XYZ kWh per standard test cycle, using cold water fill. Actual energy consumption will depend on how the appliance is used	Energiforbruk XYZ kWh per oppvask på grunnlag av standard test-program der maskinen er tilkoblet kaldtvann. Den faktiske energibruken vil avhenge av hvordan maskinen brukes.	Orkunotkun XYZ kWh á staðalprófunarlotu þar sem notað er kalt vatn. Raunorkunotkun fer eftir því hvernig tækið er notað
<input checked="" type="checkbox"/>			(Based on test results for manufacturer's standard cycle, using cold fill)	(På grunnlag av testresultater for normalprogram ved kaldtvannstilslutning)	(Byggt á prófunarniðurstöðum staðalþvottalotu þar sem notað er kalt vatn)
<input checked="" type="checkbox"/>			Actual consumption will depend on how the appliance is used	Den faktiske energibruken avhenger av hvordan maskinen brukes	Raunnotkun fer eftir því hvernig tækið er notað

Athugasemd			EN	NO	IS
Merki- miði	Upplýsinga- blað	Póstþöntun			
I. viðauki	II. viðauki	III. viðauki			
VI			Cleaning performance A: higher G: lower	Rengjöringsevne A: høg G: lav	Þvottahæfni A: meiri G: minni
	7	4	Cleaning performance class ..... on a scale of A (higher) to G (lower)	Rengjöringsevne ..... på skalaen fra A (høg) til G (lav)	Þvottahæfni..... á kvarðanum A (meiri) til G (minni)
VII			Drying performance A: higher G: lower	Tørkeevne A: høg G: lav	Þurrkunarhæfni A: meiri G: minni
	8	5	Drying performance ..... on a scale of A (higher) to G (lower)	Tørkeevne..... på skalaen fra A (høg) til G (lav)	Þurrkunarhæfni .....á kvarðanum A (meiri) G (minni)
VIII	9	6	Standard place settings	Standardkuverter	Staðalborð- búnaður
IX	10	7	Water consumption l/cycle	Vannforbruk l/oppvask	Vatnsnotkun l/lotu
	11		Programme time	Væirighet av normalprogram	Keyrslutími staðalþvottalotu
	13	8	Estimated annual consumption (220 cycles)	Anslátt árlig forbruk (220 oppvasker)	Áætluð ársnotkun (220 lotur)
X	14	9	Noise [dB(A) re 1 pW]	Lydnivå dB(A) (Støy)	Hávaði [dB(A) re 1 pW]
<input checked="" type="checkbox"/>			Further information is contained in product brochures	Produktbrosjyrene inneholder ytter- ligere opplysninger	Nánari upplýsingar er að finna í bæk- lingum sem fylgja vörunum
<input checked="" type="checkbox"/>			Norm EN 50242	Europeisk standard EN 50242	Staðall EN 50242
<input checked="" type="checkbox"/>			Dishwasher Label Directive 97/17/EC	Direktiv 97/17/EF om energimerking av oppvask- maskiner	Tilskipun 97/17/EB um orkumerkingar uppþvottavéla



**5. gr.**

Fullgiltur texti tilskipana framkvæmdastjórnarinnar 97/17/EB og 1999/9/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

**7. gr.**

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

**6. gr.**

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 27. mars 1999, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

Gjört í Brussel 26. mars 1999.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

*F. Barbaso*

formaður.

## TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 97/17/EB

frá 16. apríl 1997

### um framkvæmd tilskipunar ráðsins 92/75/EBE með hliðsjón af orkumerkingum uppþvottavéla til heimilisnota(\*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 92/75/EBE frá 22. september 1992 um merkingar og staðlaðar vörulýsingar á heimilistækjum er greina frá notkun þeirra á orku og öðrum aðföngum<sup>(1)</sup>, einkum 9. og 12. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Raforkunotkun uppþvottavéla er verulegur hluti af heildarorkuþörf bandalagsins. Mjög miklir möguleikar eru á að draga úr raforkunotkun þessara tækja.

Aukin vatns- og orkuþörf er oft samfara meiri þvotta- og þurrkunarhæfni. Upplýsingar um þvotta- og þurrkunarhæfni tækis koma sér vel við að meta gögn um orku- og vatnsþörf. Slíkar upplýsingar koma neytendum að gagni við að velja tæki sem nýta orkuna sem best.

Bandalagið staðfestir áhuga sinn á því að tekið verði upp alþjóðlegt staðlakerfi þar sem hægt er að setja staðla sem verða í raun notaðir af öllum aðilum í alþjóðlegum viðskiptum, í samræmi við kröfur sem gerðar eru með hliðsjón af stefnu bandalagsins, og fer þess á leit við evrópsk staðlasamtök að þau haldi áfram samvinnu við alþjóðleg staðlasamtök.

Staðlasamtök Evrópu (CEN) og Rafstaðlasamtök Evrópu (Cenelec) eru þær stofnanir sem eru til þess bærar að samþykkja samhæfða staðla í samræmi við almennar viðmiðunarreglur um samstarf milli framkvæmdastjórnarinnar og þessara tveggja stofnana, undirritað 13. nóvember 1984. Í skilningi þessarar tilskipunar er samhæfður staðall tækniforskrift (Evrópustaðall eða samhæfingarskjal) sem er samþykkt af Rafstaðlasamtökum Evrópu (Cenelec) á grundvelli umboðs frá framkvæmdastjórninni í samræmi við ákvæði tilskipunar ráðsins 83/189/EBE frá 28. mars 1983 sem setur reglur um tilhögun upplýsingaskipta

vegna tæknilegra staðla og reglugerða<sup>(2)</sup>, eins og henni var síðast breytt með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 96/139/EB<sup>(3)</sup>, og á grundvelli þessara almennu viðmiðunarreglna.

Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem var sett á laggirnar á grundvelli 10. gr. tilskipunar 92/75/EBE.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

1. Þessi tilskipun gildir um uppþvottavélar til heimilisnota sem eru tengdar almennri rafmagnsveitu. Tæki, sem geta einnig gengið fyrir annarri orku, eru undanskilin.

2. Upplýsingarnar, sem krafist er samkvæmt þessari tilskipun, skulu mældar í samræmi við samhæfða staðla, sem tilvísunarnúmer hafa verið birt fyrir í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna* og þegar aðildarríkin hafa birt tilvísunarnúmer landsstaðlanna sem eru til framkvæmdar þessum samhæfðu stöðlum. Ákvæði í þessari tilskipun, sem lúta að þeirri kröfu að veittar séu upplýsingar um hávaða, skulu einungis gilda sé þessara upplýsinga krafist samkvæmt 3. gr. tilskipunar ráðsins 86/594/EBE<sup>(4)</sup>. Sé þess óskað skulu þessar upplýsingar mældar í samræmi við þá tilskipun.

3. Samhæfðu staðlarnir, sem um getur í 2. mgr., skulu samdir samkvæmt umboði frá framkvæmdastjórninni í samræmi við tilskipun 83/189/EBE.

4. Í þessari tilskipun hafa öll hugtök sömu merkingu og í tilskipun 92/75/EBE, nema samhengið krefjist annars.

2. gr.

1. Tækniskjölín, sem um getur í 3. mgr. 2. gr. tilskipunar 92/75/EBE, skulu hafa að geyma:

— nafn og heimilisfang birgðasala,

— almenna lýsingu á gerð sem nægir til að unnt sé að bera kennsl á hana,

(\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB L 118, 7.5.1997, bls. 1, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 29/1999 frá 26. mars 1999 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna.

(1) Stjtið. EB nr. L 297, 13. 10. 1992, bls. 16.

(2) Stjtið. EB nr. L 109, 26. 4. 1983, bls. 8.

(3) Stjtið. EB nr. L 32, 10. 2. 1996, bls. 31.

(4) Stjtið. EB nr. L 344, 6. 12. 1986, bls. 24.

- upplýsingar, þar með taldar teikningar eftir þörfum, um helstu hönnunareinkenni gerðar, einkum atriði sem hafa greinileg áhrif á orkunotkun hennar,
- skýrslur um viðeigandi mælingarprófanir sem gerðar hafa verið með prófunaraðferðum samhæfðu staðlanna sem um getur í 2. mgr. 1. gr. þessarar tilskipunar,
- leiðbeiningar um notkun, ef þær eru fyrir hendi.

2. Merkiðinn, sem um getur í 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 92/75/EBE, skal vera með þeim hætti sem tilgreint er í I. viðauka við þessa tilskipun. Honum skal komið fyrir utanvert á framhlið eða ofan á tækinu þannig að hann sjáist greinilega og að ekkert skyggi á hann.

3. Innihald og form upplýsingablaðsins, sem um getur í 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 92/75/EBE, skal vera í samræmi við það sem tilgreint er í II. viðauka við þessa tilskipun.

4. Við þær aðstæður, sem lýst er í 5. gr. tilskipunar 92/75/EBE, og ef tilboði um sölu, leigu eða kaupleigu er komið á framfæri með prentaðri orðsendingu, svo sem í póstpöntunarlista, skal prentaða orðsendingin innihalda allar þær upplýsingar sem tilgreindar eru í III. viðauka við þessa tilskipun.

5. Orkunýtni-, þvotta- og þurrkunarhæfnisflokkur tækis skal ákveðinn í samræmi við IV. viðauka.

3. gr.

Aðildarríkin skulu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að allir birgðasalar og seljendur með staðfestu á yfirráðasvæði þeirra uppfylli skuldbindingar sínar samkvæmt þessari tilskipun.

4. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja og birta nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að þessari tilskipun fyrir 15. júní 1998. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað. Þau skulu beita þessum ákvæðum frá 1. júlí 1998.

Þó skulu aðildarríkin heimila til 31. desember 1998:

- markaðssetningu, auglýsingu og/eða sýningu á vörum, og
- dreifingu prentaðra orðsendinga, sem um getur í 4. mgr. 2. gr.,

sem eru ekki í samræmi við ákvæði þessarar tilskipunar.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða fylgja þeim slík tilvísun þegar þau verða birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

